


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	<b>Áfangaheiti ÍSLE2ÁÁ05S</b> <b>Námsáætlun haustönn 2019</b>	

<b>Kennari</b>	Anna Lilja Harðardóttir	<b>Sk.st.</b>	ALH
----------------	-------------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Í þessum áfanga verða helstu undirstöðuatriði stafsetningar, málfræði, ritunar og framsagnar rifjuð upp ásamt grunnhugtökum bókmennta. Auk þess verður farið í helstu grunnhugtök í bragfræði, stílbrögðum og myndmáli ljóða. Unnið verður markvisst að því að bæta læsi nemenda í viðum skilningi, auka lesskilning og lestrarhraða með lestri bókmenntatexta. Ritun verður æfð með markvissum hætti og farið í undirstöðuatriði í byggingu ritsmíða. Nemendur verða þjálfaðir í að nýta sér hjálpargögn s.s. yfirlestrarforrit og orðabækur/tölvuorðabækur til að bæta og lagfæra eigin texta. Verkefni verða fjölbreytt og reyna á mismunandi hæfni nemenda, s.s. sköpunarhæfni. Nemendur vinna og kynna verkefni sín ýmist einir eða með öðrum. Notast verður við námsefni úr almennum áföngum í VMA (ÍSLE1RO03, ÍSLE1LB04 og ÍSLE1FL05) eftir getu og áhuga hvers og eins og á þeim hraða er hentar hverjum og einum.

### Markmið:

#### Þekkingarmarkmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnhugtökum í stafsetningu, bókmenntafræði, málfræði og ljóðgreiningu
- helstu reglum í tengslum við ritun
- mikilvægum atriðum sem einkenna góða framsögn og umræður
- notkun hjálpargagna
- mikilvægi þess að búa að góðri lestrarfærni og lesskilningi

#### Leikniviðmið


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina hefðbundin ljóð með tilliti til myndmáls, stílbragða og bragfræði
- lesa sér til gagns og gamans skáld- og smásögur og greina inntak þeirra
- skrifa mismunandi gerðir texta og tjá sig munnlega og skriflega
- taka aðalatriði úr texta og átta sig á meginefni hans
- beita viðeigandi hjálpargögnum við frágang ritsmíða
- vinna fjölbreytt verkefni þar sem reynir m.a. á sköpun og frumkvæði

#### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fjalla um inntak skáld- og smásagna, lesa og túlka texta
- greina einföld atriði í málfræði og stafsetningu og dýpka lesskilning sinn
- nýta sér helstu ritreglur til að bæta eigin ritfærni
- vinna skapandi verkefni, t.d. í tengslum við vinnu með texta nota viðeigandi hjálpargögn við frágang eigin texta

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>Áfangaheiti ÍSLE2ÁÁ05S</b> <b>Námsáætlun haustönn 2019</b>	

**Skrifstofa VMA:** Nemendur þurfa að kaupa hefti á skrifstofu VMA og kennarar láta nemendur vita hvað þeir þurfa að kaupa. Nemendur munu fá möppur til að setja verkefni sín í og velja svo hver þessara verkefna verða metin í lok annar.


### Áætlun um yfirferð:

Farið verður yfir námsefnið á hraða sem hentar hverjum og einum.

### Námsmat og vægi námsþátta:

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Námsmatið er í höndum kennara viðkomandi áfanga en þarf að fylgja þeim reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá VMA.

<b>Matsform:</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/>
	<b>Lokaverkefni</b>		
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Lestrarþáttur	Bókmenntaverk sem kennari velur, fjölvalsspurningar (15%) Lesefni á Moodle tengt bókmenntum (10%)	15%	10%
Ritunarþáttur	Útdráttur og ýmis ritunarverkefni yfir önnina	15%	
Munnlegur þáttur	Stutt frásögn nemanda af áhugamáli sínu	10%	
Hlustunarþáttur	Hlustað á texta og unnið upp úr þeim	10%	
Bókmenntir	Ljóðaverkefni og unnið með bókmenntahugtök	10%	
Málfræði	Farið yfir grunnhugtök og verkefni unnin bæði skriflega og í Kahoot	10%	
Prófpáttur	Könnun úr námsefni nemenda	20%	
	<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>	
<b>Annað:</b> Nemandi sem vinnur með sama efni og gert er í áföngum á öðrum brautum, vinnur hver á sínum hraða og skv. eigin getu. Gerð verður einstaklingsáætlun fyrir hvern og einn nemanda.			
<b>Ath.</b> Þessi námsáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.			

Dagsetning: 19. ág. 19  
  
 Undirritun kennara

  
 Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils